



Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsögötu 4
150 Reykjavík

Kópavogi, 15. ágúst 2016.

Efni: Frumvarp til laga um námslán og námsstyrki, 791. mál, stjórnarfrumvarp.

Á heimasíðu mennta- og menningarmálaráðuneytis er kallað eftir umsögn um ofangreint frumvarp.

Læknafélag Íslands (LÍ) vill vegna þessa lagafrumvarps koma einni ábendingu á framfæri. Í núverandi námslánakerfi er sérfræðinám lækna, sem að jafnaði er launað nám, ekki aðstoðarhæft gagnvart námslánnum. Reglur leyfa á hinn bóginn að lækningar, eftir að formlegt sérfræðinám hefst, fái tímabundna frestun á endurgreiðslu námsláns.

Í 17. gr. frumvarpsins kemur fram að til að fá frestun á endurgreiðslu þá þarf viðkomandi námsmaður að vera í aðstoðarhæfu námi. Krafa um aðstoðarhæft nám sýnist verða til þess, verði frumvarpið samþykkt óbreytt, að framvegis geti lækningar í formlegu sérfræðinámi ekki fengið frestun á endurgreiðslu námsláns.

LÍ telur að lækningar í formlegu sérfræðinámi þurfi að eiga möguleika á því að geta sótt um tímabundna frestun á endurgreiðslu námslánsins. LÍ leyfir sér því að leggja til að orðið „aðstoðarhæfu“ falli brott úr 1. mgr. 17. gr. eða að orðalagi verði breytt þannig að formlegt, viðurkennt sérnám lækna geri þeim kleift að sækja um áður nefnda frestun endurgreiðslu, þó það sé ekki aðstoðarhæft.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Þorbjörn Jónsson,
formaður.

Afrit:

Félag læknanema, b.t. Árna Johnsen varaformanns (arni.johnsen@gmail.com).